



Hreppsnefnd 16.04.09

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 16. apríl 2009 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur K. Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir, Þórdís Þorbergsdóttir og Kristín H. Reynisdóttir

Einnig mættir: Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 2. apríl sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 2. apríl sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Árshlutauppgjör Vopnafjarðarhrepps, fyrstu þriggja mánaða.
Sveitarstjóri lagði fram árshlutauppgjör Vopnafjarðarhrepps A- og B- hluta stofnana fyrir fyrstu 3 mánuði ársins. Gerði hann grein fyrir helstu forsendum, tölum og myndum, sem fram koma í uppgjörinu. Í uppgjörinu kemur fram málaflökkayfirlit, rekstrarreikningur, sjóðsstreymi og efnahagsreikningur, samanborið við hlutfallaðar tölur fjárhagsáætlunar yfirstandandi árs. Niðurstöður uppgjörins eru nokkru verri en hlutfölluð fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir og má að hluta skýra það á því að útgjöld og tekjur falla ekki línulega til innan ársins. Að öðru leyti má skýra stærstu þættina á því tekjur Jöfnunarsjóðs og hafnarinnar eru mun minni en áætlað hafði verið á þessum hluta ársins. Jafnframt eru útgjöld til fræðslumála hærri og ekki hefur verið gengið frá sölu hlutabréfa sem áætlað er að gera. Uppgjör þetta er liður í því að fylgjast sem best með innkomu tekna og útgjöldum í stofnunum sveitarfélagsins og verður nýtt til yfirferðar með forstöðumönnum stofnana og deilda.

Fundarmenn töldu almennt gott að fá uppgjör af þessum toga sem gefur leiðbeinandi hugmyndir um það hvernig staða sveitarsjóðs er á hverjum tíma innan ársins. Ennfremur samþykkt að næst yrði lagt fram 5 eða 6 mánaða uppgjör sem kynnt yrði áður en hreppsnefnd fer í sumarleyfi. Á næsta fundi hreppsnefndar verður fyrirliggjandi uppgjör skoðað nánar.

3. mál Bréf Menningarráðs Austurlands, móttakið 8. apríl sl., vegna aðalfundar.
Lögð fram til kynningar ný menningarstefna á Austurlandi fyrir árin 2009-2014.
Jafnframt var rætt um kosningu fulltrúa sveitarfélagsins á aðlafund.
Fundurinn lagði til að fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á fundinum yrði Anna Pála Víglundsdóttir og til vara yrði Þorsteinn Steinsson.
Jafnframt samþykkti hreppsnefnd samhljóða fyrirliggjandi menningarstefnu fyrir sitt leyti og felur fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfundi Menningarráðsins 7. maí n. k. að undirrita hana f. h. sveitarfélagsins.

4. mál Bréf Sýslumannsins á Seyðisfirði, varðandi umsókn Guðna K. Ásgrímssonar.
-Umsögn-
Lagt fram bréf frá Sýslumanni á Seyðisfirði þar sem óskað er umsagnar Vopnafjarðarhrepps á umsókn Guðna Ásgrímssonar f. h. Mávahlíðar ehf. um endurnýjun á veitinga- og gistileyfi að Hafnarbyggð 26, Vopnafirði.

Lögð fram svofelld bókun:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps sér ekkert athugasvert við það að Sýslumaðurinn á Seyðisfirði endurnýi umbeðið leyfi fyrir veitingar og gistingu að Hafnarbyggð 26, Vopnafirði, til samræmis við fyrirliggjandi umsókn rekstraraðila“.

Fyrirliggjandi bókun samþykkt samhljóða.

5. mál Endurskoðun Byggðaáætlunar 2010-2013, athugasemdir SSA og Þróunarfélags Austurlands.

Lagt fram bréf SSA frá 9. apríl, varðandi drög að byggðaáætlun 2010-2013 lónaðarráðuneytis og Byggðastofnunar. Jafnframt lagðar fram athugasemdir Þróunarfélags Austurlands við drög að byggðaáætlun.

Talsverðar umræður urðu um fyrirliggjandi gögn þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Að loknum umræðum var lögð fram svofelld tillaga:

„Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur undir þær athugasemdir sem settar eru fram í fyrirliggjandi gögnum SSA og Þróunarfélags Austurlands.

Sérstaklega vill þó hreppsnefnd ítreka mikilvægi þess að unnin sé heildstæð byggðaáætlun sem taki mið af uppbyggingu allra atvinnuvega jafnt í nýsköpun, ferða-, menningar- og menntamálum, sem og hefðbundnum atvinnugreinum eins og landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu. Ennfremur er minnt á mikilvægi þess að nægjanlegir fjámunir fylgi áætluninni svo unnt verði að ná fram settum markmiðum.“

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða.

6. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Minnisblað, vegna fundar með menntamálaráðherra og fulltrúum Samband ísl. sveitarfélaga. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:50